

# Aðalfundur foreldrafélags Naustaskóla

25.september 2024

# Dagskrá fundarins

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning formanns Foreldrafélagsins og annarra stjórnarmanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Skýrsla skólaráðs (fulltrúa foreldra)
- Kosning fulltrúa í skólaráð
- Önnur mál

# Skýrsla stjórnar

Stjórn fundaði 10 sinnum á síðasta skólaári

Á vegum foreldrafélagsins eru nokkur reglubundin verkefni og fastir útgjaldaliðir. Félagið á einnig fulltrúa í skólaráði Naustaskóla og stjórn Samtaka.  Að auki fundar félagið með stjórnendum Naustaskóla með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

- Fastir liðir hafa verið í formi fjárstuðnings:
  - Bekkjakvöld/ bekkjauppábrot
  - Jólaskemmtun skólans & jólagotterí
  - Tækjakaup eða aðföng fyrir skólann
  - Fyrirlestrar og fræðsla

# SKÝRSLA STJÓRNAR

NAUSTASKÓLI
Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Það sem náðist að gera og helst var rætt.

**Viðburðir og styrkir**

- ✓Skúffukökuveisla við Réttindaskólaviðurkenningu
- ✓Piparkökuskreytinga- og föndurstund foreldra og barna
- ✓Fyrirlestrar
  - ✓ Samtaka 78 (sameiginlegt með öllum skólum)
  - ✓Svefn grunnskólabarna - Nanna Ýr Arnardóttir
- ✓Jólaball
- ✓Kaup á aðföngum fyrir frístund og skólann
- ✓Bekkjakvöld - fjárstyrkur

**Málefni til umræðu**

- ✓Opin skólarými skólans og líðan barna, mæling á hljóðvist og loftgæðum (fyrirspurn frá síðasta aðalfundi)
- ✓Uppbygging á útisvæði í Naustaborgum
- ✓Endurvakning vorhátíðar Naustaskóla
- ✓Blessuð bekkjakvöldin
- ✓Hlutverk foreldrafélagsins og breytingar á lögum til samræmis því
- ✓Fræðsla fyrir foreldra og samráð meðal skóla
- ✓Hreystibraut við skólann og hreystiváláfangi
- ✓Mötuneytismál Naustaskóla
- ✓Fjáröflunarmöguleikar

# LAGABREYTINGAR

Á síðasta aðalfundi lagt upp með að nota skólaárið til að rýna lög foreldrafélagsins

- Meginforsendur lagabreytingar
  - Breyta og betrumbæta orðalag þannig að lýsi betur hlutverki og verkefnum foreldrafélagsins
    - Að ekki sé skilgreint í lögum eitthvað sem á ekki við og ekki er gert
  - Leggja skýrari línur hvað varðar bekkjafulltrúa og fulltrúaráð
    - Ábyrgð skólans og kennara að kalla eftir bekkjafulltrúum eins og þekkist í öðrum skólum
    - Allir bekkjafulltrúar mynda fulltrúaráð sem hafa stuðning af hvert öðru
    - Fulltrúaráð og foreldrafélag skólans vinna saman að stærri verkefnum og sameiginlega stuðla að góðu foreldrasamstarfi

# LAGABREYTINGAR

Lagðar eru fram eftirfarandi lagabreytingar

1. grein Félagið heitir Foreldrafélag Naustaskóla. Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.

2. grein Markmið félagsins er að:

- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- efla ~~og tryggja~~ gott samstarf foreldrafélags og ~~starfsfólks~~ skólastjórnenda.~~ns.~~
- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

# LAGABREYTINGAR

Lagðar eru fram eftirfarandi lagabreytingar

3. grein

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:

- skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum bekk/umsjónarhópi
- koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál
- standa að upplýsingamiðlun til foreldra m.a. með útgáfu fréttabréfs og halda úti heimasíðu foreldrafélagsins þar sem birtar eru með því að gera fundargerðir aðgengilegar og annað er viðvíkur starfsemi félagsins
- veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði sem bestar
- styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans
- taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög, svæðaráð og landssamtök foreldra

# LAGABREYTINGAR

Lagðar eru fram eftirfarandi lagabreytingar

4. grein

Stjórn félagsins skipa að lágmarki 5 foreldrar/forráðamenn, æskilegt er að þar af sé a.m.k. einn sem einnig hefur verið kosinn í skólaráð. Stjórn skal kjörin til a.m.k. tveggja ára í senn tveir stjórnarmenn annað árið og þrír hitt árið. A.m.k. tveir varamenn skulu kjörnir. Formaður skal kosinn sérstaklega, að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnendumanda. Aldrei skulu fleiri en þrír ganga úr stjórn í einu.

# LAGABREYTINGAR

Lagðar eru fram eftirfarandi lagabreytingar

5. grein

~~Bekkjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur.~~ Stjórn skólans ber ábyrgð á að í upphafi skólaárs séu kosnir þrír til fjórir fulltrúar forráðamanna úr hverjum árgangi. Bekkjarfulltrúar mynda fulltrúaráð ~~foreldrafélagsins~~skólans og hlutverk þeirra er~~. Hlutverk bekkjarfulltrúa er~~ að efla og styrkja samstarf foreldra og barna. ~~og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hvers árgangs/námshóps með nánu samstarfi við umsjónarkennara. Stjórn foreldrafélagsins ber ábyrgð á að í upphafi skólaárs séu kosnir þrír til fjórir fulltrúar forráðamanna úr hverjum árgangi.~~ Meðlimur fulltrúaráðs situr í stjórn foreldrafélagsins. Fulltrúaráðið skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á skólaárinu og oftar ef þurfa þykir. Fyrsti fundur skal haldinn í upphafi skólaárs. Þar skulu rædd mál er varðar markmið og starf foreldrafélagsins, starf foreldra í bekkjardeildum og verkefni foreldraráðs. Fulltrúaráð aðstoðar stjórn foreldrafélagsins í stærri verkefnum.

# LAGABREYTINGAR

## Lagðar eru fram eftirfarandi lagabreytingar

6. grein

Aðalfundur skal haldinn í september ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins í samstarfi við skólaráð með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins.

**Verkefni aðalfundar:**

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- ~~Skýrslur nefnda~~
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning formanns Foreldrafélagsins og annarra stjórnarmanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Skýrsla skólaráðs (fulltrúa foreldra)
- Kosning fulltrúa í skólaráð
- Önnur mál

# LAGABREYTINGAR

## Lagðar eru fram eftirfarandi lagabreytingar

7. grein — Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf.

~~8. grein — Fulltrúaráðið skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á skólaárinu og oftar ef þurfa þykir. Fyrsti fundur skal haldinn í upphafi skólaárs. Stjórn félagsins undirbýr og boðar til þessara funda. Þar skulu rædd mál er varða markmið og starf foreldrafélagsins, starf foreldra í bekkjardeildum og verkefni foreldraráðs. Fulltrúaráð skal aðstoða stjórn félagsins í stærri verkefnum.~~

~~9~~8. grein — Félagsstjórn skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmann skólans. Fulltrúar foreldra í skóaráði eru rétti aðilinn til að koma á framfæri athugasemdum eða viðhorfum foreldra við stjórn skólans.

9~~10~~. grein — Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og ákveðið á aðalfundi.

10~~1~~. grein — Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á aðalfundi og renna þá eignir þess til skólans.

11~~2~~. grein — Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

# ÁRSREIKNINGUR 2023-2024

| | Skýr. | Tekjur | Gjöld |
|---|---|---|---|
| Innistæða á bankareikningi 01.09.2023 | | 509.224 | |
| Félagsgjöld (229 af 244 kröfum) 94% heimtur | 1) | 603.415 | |
| Inneignir af gömlum bekkjareikningum | | 50.804 | |
| Hópefli Kolbrún Lilja v. haust 2022 | | | -150.000 |
| Veitingar fyrir aðalfund Foreldafélags Naustaskóla | | | -2.949 |
| Gjald Skattur -skráningargjald stjórnar | | | -2.200 |
| Skúffuköku í tilefni Réttindaskólaviðurkenningar | | | -61.600 |
| Umsýsla Reykir | 2) | 1.030.400 | -1.030.400 |
| Piparkökuskreytingarkvöld foreldra & barna í Naustaskóla | 3) | | -50.545 |
| Kaup á mandarínum fyrir Litlu jól skólans | | | -14.970 |
| Jólasveinar 2023 fyrir jólaskemmtun | | | -45.000 |
| Þjónustugjöld og innheimtuþjónusta | 4) | | -25.911 |
| Árgjald debetskorts | | | -990 |
| Innvextir+fjármagnsskattur | | 15.195 | -3.004 |
| Fyrirlestur Samtakanna 78 - greitt til Brekkuskóla | | | -5.751 |
| Svefn grunnskólabarna- fyrirlestur Nanna Ýr | | | -20.000 |
| Kaup á föndri fyrir frístund | 5) | | -11.591 |
| Kaup á spilum + útidóti fyrir skólann | 6) | | -155.838 |
| Bekkjakvöld 2023-2024 | 7) | | -200.552 |
| Styrkur til kennara- ísferðir í skólalok | 8) | | -94.308 |
| Kaup á þythokkíborði og fylgihlutum | | | -123.405 |
| Kaup á borðtennisspöðum & kúlum | | | -16.767 |
| Flutningur á þythokkíborði | | | -22.693 |
| Kaup á búnaði fyrir tómstundarými - unglingastig | | | -20.990 |
| Samtals | | 1.699.814 | -2.059.464 |
| Gjöld umfram tekjur | | | -359.650 |
| Innistæða á bankareikningi 31.8.2024 | | **149.574** | |
| Kaup á boxpúða, festingu - unglingastig | | | -85.980 |
| **Óráðstafað í upphafi haustannar 2024** | | **63.594** | |

NAUSTASKÓLI
Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

- Gjöld foreldrafélagsins umfram tekjur á sl. ári voru kr. 359.650
- Innheimtar voru 229 af 244 kröfum sem skiluðu kr. 603.415 (93,9% heimtur)
- Stærsti staki útgjaldaliður ársins var kaup á spilum og dóti fyrir skólann/frístund
- Gjaldkeri tók að sér umsýslu fyrir greiðslu á Reykjaferð svo foreldrar gætu millifært
- Innistæða í upphafi skólaárs 31.8 2024 var kr. 149.574
  - Þar af ógreitt kr 85.980, kaup fyrir tómstundarými unglingastigs
  - Óráðstafað er því 63.594

# Ársreikningur 2023-2024

NAUSTASKÓLI
Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Í ársreikningi eru tölumerktir skýringarliðir sem innihalda m.a. samtölur og ástæða þótti til að leggja fram sundurliðun á.

1) Sundurliðun félagsgjalda

| *Kröfur* | *Fjöldi* | *Fjárhæð* |
|---|---|---|
| Greidd | 229 | 603.415 |
| Ógreidd | 14 | 36.890 |
| **Samtals** | 243 | **640.305** |

2) Umsýsla. Reykir haust 2023

| | *Fjárhæð* |
|---|---|
| Innborganir frá foreldrum | 992.000 |
| Innborgað frá Naustaskóla | 38.400 |
| Greiddur reikningur frá UMFÍ | -1.030.400 |
| | **0** |

3) Piparkökuskreytingarkvöld foreldra & barna í Naustaskóla

| | *Fjárhæð* |
|---|---|
| Piparkökur + glassúrefni | 25.383 |
| Límstifti+ kreppappír | 25.162 |
| **Samtals** | **50.545** |

4) Þjónustugjöld & innheimtuþjónusta

| | *Fjárhæð* |
|---|---|
| Innheimtugjöld vegna útsendra krafna | 25.791 |
| Bankakostnaður krafa | 120 |
| **Samtals** | **25.911** |

5) Kaup á föndri fyrir frístund

| | *Fjárhæð* |
|---|---|
| Pípuhreinsar, fjaðrir, augu, dúskar, páskaföndurstaukur | 11.541 |
| Bréfpoki | 50 |
| **Samtals** | **11.591** |

6) Kaup á spilum + útidóti fyrir skólann

| | *Fjárhæð* |
|---|---|
| Sippubönd + krítar fyrir 1.3.bekk | 2.886 |
| Frisbí | 5.026 |
| Boltar | 13.960 |
| Spil | 133.966 |
| **Samtals** | **155.838** |

7) Styrkir vegna bekkjakvölda

| | *Fjárhæð* |
|---|---|
| 1.bekkur | 25.225 |
| 2.bekkur | 31.000 |
| 3.bekkur | 35.000 |
| 4.bekkur | 32.000 |
| 5.bekkur | 28.475 |
| 6.bekkur | 32.632 |
| 7.bekkur | 16.220 |
| 8.bekkur | |
| 9.bekkur | |
| 10.bekkur | |
| Samtals | **200.552** |

8) Styrkur til kennara- ísferðir í skólalok

| | *Fjárhæð* |
|---|---|
| 1.bekkur | 10.150 |
| 2.bekkur | 13.000 |
| 3. bekkur | 9.450 |
| 4.bekkur | 8.400 |
| 5.bekkur | 10.150 |
| 6.bekkur | 16.200 |
| 7.bekkur | 15.000 |
| 8.bekkur | |
| 9.bekkur | |
| 10.bekkur | 11.958 |
| Samtals | **94.308** |

# FUNDAÁÆTLUN/ VERKEFNI STJÓRNAR

Lagt upp með að hittast á 4-6 vikna fresti

- Eftirfarandi þarf að sinna, dugar ekki minna:
  - » Yfirferð á ársreikningi síðasta skólaárs
  - » Skipulag aðalfundar og stjórnarseta
    - Skipan í stöður og nefndir
    - Skil á gögnum til RSK við breytingar á stjórn
  - » Kostnaðaráætlun fyrir skólaárið
    - Utanumhald og eftirfylgni áætlunnar
  - » Hugmyndavinna varðandi fræðslu, verkefni eða aðföng fyrir skólann
    - Skipulagning og auglýsing viðburða
  - » Samskipti við skólastjórnendur
  - » Stuðningur við bekkjafulltrúa sem og annað sem fellur til

# Kosning formanns Foreldrafélagsins og annarra stjórnarmanna

Formaður - Sigurveig Björg Harðardóttir, börn í 4., 8. og 10. bekk
Gjaldkeri **galopið stöðugildi fyrir áhugasama**
Ritari - **galopið stöðugildi fyrir áhugasama**

Meðstjórnendur:
Anna Lilja Gunnlaugsdóttir, barn í 10. bekk
Elísa Arnars Ólafsdóttir, börn í 8. og 10. bekk
María Sigurðardóttir, börn í 1. bekk og 5.bekk
Rósa María Rúnarsdóttir, börn í 1. bekk og 7.bekk
Valbjörn Ægir Vilhjálmsson, barn í 6. bekk

Tökum svo innilega og fagnandi á móti nýjum meðlimum
(Sérstaklega foreldrum barna í 2. ,3 eða 9. bekk)

# Skoðunarmenn reikninga

- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga ?



# Skýrslur nefnda

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins, það skal, auk skólastjóra, skipað fulltrúum foreldra, nemenda, kennara, annarra starfsmanna og fulltrúa grenndarsamfélags sem í okkar skóla er fulltrúi frá hverfisnefnd.

Nánari upplýsingar hér http://www.naustaskoli.is/is/skolinn/skolarad

Á síðasta skólaári fundaði skólaráð 5 sinnum.

Helstu málefni skólaráðs voru:

- Yfirferð á skóladagatali 2024-2025
- Breyttar símareglur og innleiðing þeirra
- Afþreying fyrir unglingastig í frímínútum
- Hvernig best að virkja foreldra í skólastarfið
- Aðstaða í Naustaborgum – Samvinnuverkefni með Naustatjörn

# SKÝRSLUR NEFNDA

Samtaka eru samtök foreldrafélaga á Akureyri. Tilgangur Samtaka er að styrkja rödd foreldra sem hagsmunahóps í sveitarfélaginu og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamálum, meðal annars með því að auka samskipti milli foreldra og grunnskóla. Einnig hefur Samtaka beitt sér í forvarnarstarfi og fræðslu fyrir foreldra.

Helstu málefni voru:

- ✓Sameiginlegur fundur foreldrafélaga á Akureyri og Akureyrarbæjar frá Samtökunum ´78 sem haldinn var í Naustaskóla.
- ✓Umræður á fundum varðandi pisakannanir, símamál, agamál og vinnufundi sem Heimili og skóli stóð fyrir.
- ✓Send var fyrirspurn til Fræðslusvið varðandi vinnulag við mat á markmiðum nemenda, bíðum enn eftir svari.

# KOSNING FORMANNS FORELDRAFÉLAGSINS OG ANNARRA STJÓRNARMANNA

- Fulltrúar foreldrafélagsins í skólaráði 2023-2024 voru Rósa María Rúnarsdóttir og María Sigurðardóttir

- Fulltrúar foreldrafélagsins í Samtaka 2023-2024 voru Elísa Arnars Ólafsdóttir og Kristín Guðmundsdóttir (hætt í stjórn)

Stjórn foreldrafélagsins óskar eftir samþykki fundarins að fá að tilnefna fulltrúa fyrir yfirstandandi skólaár á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund.

# Önnur mál

Félagsgjaldið

- Kröfur sendar út að hausti og er félagsgjaldið kr 2.500 per heimili að viðbættum innheimtukostnaðir kr. 135. Þetta er óháð fjölda barna og er sú fjárhæð óbreytt frá fyrra ári. Kröfur fyrir yfirstandandi skólaár hafa verið sendar út.

- Líkt og undanfarin ár hefur gengið vel að innheimta eða 93,9% heimtur og kann foreldrafélagið ykkur bestu þakkir fyrir.

# ÖNNUR MÁL

Bekkjakvöld síðasta skólaárs

- Á síðasta skólaári var eyrnamerkt fjárveiting 1.000 kr. per nemanda og lagt upp með að ná einu bekkjakvöldi á skólaárinu.
  - 7. bekkir náðu farsællega að eiga góða stund saman og sóttu fjármagn til félagsins
  - Fjármagn sem eyrnamerkt var unglingasviði var notað til að kaupa aðbúnað fyrir tómstundarými að ósk kennara.

| Styrkir vegna bekkjakvölda | Fjöldi | Áætlaður kostn | **Kostnaður** | **Eftistöðvar** |
|---|---|---|---|---|
| 1.bekkur | 30 | 30.000 | -25.225 | 4.775 |
| 2.bekkur | 27 | 27.000 | -31.000 | -4.000 |
| 3. bekkur | 31 | 31.000 | -35.000 | -4.000 |
| 4.bekkur | 32 | 32.000 | -32.000 | 0 |
| 5.bekkur | 28 | 28.000 | -28.475 | -475 |
| 6.bekkur | 34 | 34.000 | -32.632 | 1.368 |
| 7.bekkur | 35 | 35.000 | -16.220 | 18.780 |
| 8.bekkur | 43 | 43.000 | | 43.000 |
| 9.bekkur | 42 | 42.000 | | 42.000 |
| 10.bekkur | 47 | 47.000 | | 47.000 |
| **Samtals** | **349** | 349.000 | -200.552 | 148.448 |

- Reiknum EKKI með að leggja til fjármagn í bekkjakvöld á þessu skólaári heldur horfa heldur til stærri kaupa fyrir skólann og öll stig hans, yngsta- ,mið- og unglinga stigi

# ÖNNUR MÁL

Upplýsingavettvangur

Lög, fundargerðir og upplýsingar um stjórn má finna á heimasíðu Naustaskóla, http://www.naustaskoli.is/is/foreldrar







Félagið er með facebooksíðu „ Foreldrafélag Naustaskóla“

Naustaskóli er einnig með facebooksíðu.

# Önnur mál

Brenni á ykkur spurningar, ábendingar eða athugasemdir hvetjum við ykkur til að hafa samband

Takk fyrir!